

9. gr.

Berist engin umsókn í sjóðinn í þrjú ár í röð, þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir þeim, eða að sjóðsstjórn er einróma samþykkt því að leggja sjóðinn niður, skal sjóðurinn lagður niður og eignir hans afhentar Bókasafni Kennaraháskóla Íslands til kaupa á rannsóknarritum sem tengjast markmiðum sjóðsins. Rit sem keypt eru með framlagi úr sjóðnum skulu merkt svo:

Gjöf úr Minningarsjóði Heiðar Baldursdóttur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Vestmannaeyjabæ:

Í íbúðarhverfum og við fjölfarnar umferðargötur er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 3,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækja á þessum sérstaklega afmörkuðu svæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 1. ágúst 1993.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1993.

Georg Kr. Lárusson.